- X Hefur félagið forvarnarstefnu? (afrit sendist til BÍS)
- X Hefur félagið skilgreint verkferli ef til kemur brot á þessari forvarnarstefnu? (afrit sendist til BÍS)
- X Fór félagið í félagsútilegu?

- X Var gerð útvistaráætlun?
- X Voru skátasveitir hvattar til að stunda útlíf og fara í sveitarútilegur?

# Menntun Foringja

Hér eru tilgreind sú menntun í skátastarfi og björgunarsveit sem aðalsveitarforingjar okkar í hverri sveit hafa. Hraunbúar vinna að því að koma félagskrá sinni í access þar sem haldið er utanum skátaferil allra Hraunbúa.

**Þórolfur Kristjánsson**  
Sveitarforingi DS. Trail

Útilífsnámskeið  
Gilwell  
Björgunarmaður 1

*Námskeið sótt:*

Flokksforingjanámskeið  
Sveitarforingjanámskeið  
Vítamín fyrir sveitarforingja  
Gilwell  
Forsetamerki  
Dróttskátanámskeið  
Útilífsnámskeið  
Björgunarmaður 1

**Guðrún Stefánsdóttir**  
Sveitarforingi Vogabúa

*Námskeið sótt:*

Gilwell  
Björgunarmaður 2  
Forsetamerki  
Sveitarforingjanámskeið

**Guðmundur Sigurðsson**  
Sveitarforingi DS. Asterix

**Kolbeinn Guðmundsson**  
Sveitarforingi Riddara

Flokksforingjanámskeið  
Gilwell  
Björgunarmaður 1  
Forsetamerkið  
Dróttskátanámskeið  
Útilífsnámskeið  
Rafeindavirki

*Námskeið sótt:*

Björgunarmaður 3  
Forsetamerki  
Dróttskátanámskeið  
Útilífsnámskeið  
Flokksforingjanámskeið  
Leiðbeinandanámskeið  
Sveitarforingjanámskeið

**Nanna Guðrún Bjarnadóttir**  
Sveitarforingi Rauðskinna

**Claus Hermann**  
Sveitarforingi Grábræðra og  
Ljósálfa

*Námskeið sótt:*

Sveitarforingjanámskeið  
Flokksforingjanámskeið  
Forsetamerkið  
Dróttskátanámskeið  
Vítamín fyrir sveitarforingja

*Námskeið sótt:*

Flokksforingjanámskeið  
Sveitarforingjanámskeið  
Gilwell

# Símenntunaráætlun

Hraunbúar skilja mikilvægi þess að foringjar okkar fái sem besta menntun skátum í félaginu til heilla. Markviss símenntun tryggir félaginu góða foringja og veitir þeim innblástur í daglegum verkum. Foringjum og skátum félagsins gefst kostur á að fara á eftirfarandi námskeið og mun skátafélagið greiða niður allt þátttökugjald.

Taka ber fram að námskeið eru haldin af BÍS en auk þess halda Hraunbúar sín eigin námskeið öðru hvoru. Námskeiðisgjald á þau eru einnig felld niður.

Hraunbúar hvetja sveitarforingja félagsins til að sækja Gilwell námskeið. Sækja skal um það sérstaklega til stjórnar. Ef viðkomandi hefur sótt sá menntun sem hann getur fengið hér á landi kemur til greina námskeið erlendis í samvinnu við BÍS.

## Hvenær eiga skátar að fara á námskeið:

- 13 ára: Foringjanámskeið
- 13 ára: Vetrarflokksforingjanámskeið
- 14 ára: Sumarflokksforingjanámskeið
- 14 ára: Vítamín fyrir flokksforingja
- 15 ára: Dróttskátanámskeið
- 16 ára: Sveitarforingjanámskeið
- 16 ára: Útilífsnámskeið
- 17 ára: Skyndihjálparnámskeið
- 17 ára: Vítamín fyrir sveitarforingja

Sveitarráð: Sveitarráðsnámskeið

## 13 ára: Foringjanámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að undirbúa unga skáta undir hlutverk aðstoðarflokksforingja og flokksforingja, samhliða þeirri þjálfun sem fram fer í sveitaráðinu undir handleiðslu sveitarforingja. Á námskeiðinu er farið í atriði eins og: Flokksandann, verkaskiptingu í flokknum, flokksferðir, flokksfundinn, sveitarráðið og sveitarstarfið. Mikil áhersla er lögð á upplifun skátans af skátaævintýrinu og útlífi.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Verðandi flokksforingjar og þeir sem þegar hafa tekið við flokki. Lágmarksaldur er 13 ár.

## 13 ára: Vetrarflokksforingjanámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að undirbúa unga skáta undir hlutverk aðstoðarflokksforingja og flokksforingja, samhliða þeirri þjálfun sem fram fer í sveitaráðinu undir handleiðslu sveitarforingja. Á námskeiðinu er farið í atriði eins og: Vetrarferðina, skátastarf að vetri til, flokksandann, veðurfræði, snjórinn, verkaskiptingu í flokknum, flokksferðir, flokksfundinn, sveitarráðið og sveitarstarfið. Mikil áhersla er lögð á upplifun skátans af skátaævintýrinu og útlífi.

### Tími og lengd

fjórir dagar í desember (48 klukkustundir).

### Þátttakendur

Verðandi flokksforingjar og þeir sem þegar hafa tekið við flokki. Lágmarksaldur er 13 ár.

## 14 ára: Sumarflokksforingjanámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að undirbúa unga skáta undir hlutverk aðstoðarflokksforingja og flokksforingja, samhliða þeirri þjálfun sem fram fer í sveitaráðinu undir handleiðslu sveitarforingja. Á námskeiðinu er farið í atriði eins og: Tjaldútileguna, skátastarf að sumri til, flokksandann, áttavitinn, eldur, verkaskiptingu í floknum, flokksferðir, flokksfundinn, sveitarráðið og sveitarstarfið. Mikil áhersla er lögð á upplifun skátans af skátaævintýrinu og útlífi.

### Tími og lengd

Fimm dagar í ágúst (60 klukkustundir).

### Þátttakendur

Verðandi flokksforingjar og þeir sem þegar hafa tekið við flokki. Lágmarksaldur er 13 ár.

## 14 ára: Vítamín fyrir flokksforingja

Markmið námskeiðsins er að láta þátttakendur upplifa skátastarf á jákvæðan og skapandi hátt og kynna hugmyndir að verkefnum. Unnið er út frá mismunandi þemum frá ári til árs. Ekki er fjallað um hlutverk skátaforingja eða skipulag skátastarfs á þessu námskeiði.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Starfandi flokksforingjar. Lágmarksaldur er 13 ár.

## Sveitarráðsnámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að auka hæfni þátttakenda sem flokksfóringja og sveitarfóringja. Megin áhersla er lögð á að efla samvirkni og gæði starfs í sveitarráðinu. Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um samstarf og verkskiptingu í sveitarráðinu, markmiðsetningu, áætlanagerð, sveitarfundi, sveitarferðir, grunnnám skátans, flokksverkefni, kennslufræði, útlíf, söngva og leiki.

### Tími

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Sveitarráð skátasveita, þ.e. Sveitarfóringi, aðstoðarsveitarfóringjar og flokksfóringjar. Á námskeiðinu myndar hvert sveitarráð einn flokk.

## 15 ára: Dróttskátanámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að dróttskátinn fái skilning á starfsháttum dróttskátasveitar og vitneskju um hvaða verkefni þarf að leysa af hendi til að fá Forsetamerkið. Stefnt er að því að dróttskátinn öðlist skilning á markmiðum og leiðum í skátastarfi, starfsháttum BÍS og alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar. Þá eru á námskeiðinu þjálfuð undirstöðuatriði ræðumennsku og fundarstjórnar. Einnig er að því stefnt að dróttskátinn skilji að dróttskátastarf er hægt að stunda hvenær sem er og hvar sem er.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Dróttskátar sem eru að vinna að Dróttskátavörðu sem er fyrsta varðan á leið dróttskátans að Forsetmerkinu.

## 16 ára: Sveitarfóringjanámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að kynna þátttakendum starfshætti skátasveitar og veita þeim innsýn í stjórnun sveitar. Meðal atriða sem fjallað er um er gildi skátaheitis, skátalaga, siða og venja í skátastarfi, stjórnsýslu í skátasveit, áætlanagerð, sveitarfundurinn og sveitarútilegur.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags, undirbúningskvöld fyrir og endurmat eftir þrjú mánuði (35 klukkustundir).

### Þátttakendur

Aðstoðarsveitarfóringjar, verðandi sveitarfóringjar og þeir sem eru ný teknir við sveit. Lágmarksaldur 16 ár.

## 16 ára: Útilífsnámskeið

### Markmið og dagskrá

Markmið námskeiðsins er að dróttskátinn verði hæfur til ferðalaga í íslenskri náttúru allan ársins hring, jafnt á láglendi sem hálandi. Að því er stefnt að dróttskátinn geti lagt mat á veðurfar og geti valið útbúnað í samræmi við veðurfar og aðrar aðstæður. Einnig er að því stefnt að dróttskátinn kunnir rétt viðbrögð við þeim hættum sem leynast allan ársins hring í íslenskri náttúru og um leið umgengni í íslenskri náttúru. Meðal atriða sem fjallað er um er umgengni í náttúrunni, leiðarval og göngutækni, meðferð korts og áttavita, klæðnaður og útbúnaður, orkuvinnsla líkamans og nesti, veðurfræði, vetrarferðir og hrakningar.

### Tími og lengd

Kvöldfundur og helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (30 klukkustundir).

### Þátttakendur

Dróttskátar sem eru að vinna að Gullnu vörðu sem er önnur varðan á leið dróttskátans að Forsetamerkinu.

## 17 ára: Vítamín fyrir sveitarfóringja

Markmið námskeiðsins er að láta þátttakendur upplifa skátastarf á jákvæðan og skapandi hátt og kynna hugmyndir að verkefnum. Unnið er út frá mismunandi þemum frá ári til árs. Ekki er fjallað um hlutverk skátanfóringja eða skipulag skátastarfs á þessu námskeiði.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Starfandi aðstoðarsveitarfóringjar eða sveitarfóringjar. Lágmarksaldur er 17 ár.

## 17 ára: Skyndihjálparnámskeið

### Markmið og dagskrá:

Dróttskátinn verði hæfur til að veita fyrstu hjálp og bregðast rétt við algengustu áföllum og slysum sem sem fólk verður fyrir í daglegu lífi en sérstök áhersla verður einnig á viðbrögð við slysum á fjöllum uppi. Dagskrá er sniðin eftir skyndihjálparnámskeiðum RKÍ að viðbættum atriðum sem lúta sérstaklega að skyndihjálpi á fjöllum uppi.

### Tími og lengd

Helgarnámskeið frá föstudegi til sunnudags (26 klukkustundir).

### Þátttakendur

Dróttskátar sem eru að vinna að Forsetavörðu sem er seinasta varðan á leið dróttskátans að Forsetamerkinu.

# Hæfniskröfur foringja

Hjá Hraunbúum eru allir sveitarforingjar eldri en tvítugt. Sveitarforingjar skulu uppfylla reglugerð BÍS varðandi hæfni foringja og undirrita drengskarparheit.

## 10. Reglugerð um hæfi skátaforingja.

1. gr.

Með skátaforingja er í reglugerð þessari átt við þann sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja, formanns skátasambands eða skátahöfðingja

Reglugerð þessi nær ekki til flokksforingja og annarra aðstoðarforingja sem ekki eru lögráða.

2. gr.

Þann má skipa skátaforingja sem æskir þess og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er vígður skáti.

2. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum skátaforingja.

3. hefur forræði á búi sínu og hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta s.l. 2 ár

4. er ekki á sakaskrá.

5. hefur lokið viðeigandi þjálfun til að gegna starfi sínu að mati skipunaraðila.

6. hefur unnið skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samvissusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin og hann tekur að sér sem skátaforingi og að hann hafi aldrei gerst brotlegur gegn börnum.

Að auki skal sá sem er skipaður félagsforingi hafa náð 25 ára aldri.

3. gr.

Umsókn um leyfi til að gerast skátaforingi skal beint til viðkomandi félagstjórnar eða skátasambands að því undanskildu að umsókn um leyfi til að gerast félagsforingi eða starfa fyrir BÍS skal beint til stjórnar BÍS. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Félagsforingi eða formaður skátasambands gefur út skipunarbréf handa skátaforingja að því undanskildu að Skátahöfðingi gefur út skipunarbréf fyrir félagsforingja og aðra skátaforingja er starfa fyrir BÍS.

4. gr.

Nú uppfyllir skátaforingi ekki öll skilyrðir 2. gr. eftir að hafa hlotið skipun eða brýtur gegn drengsskapar heiti sínu, skal hann þá að eigin frumkvæði skila inn skipunarbréfi sínu ella er félagsforingja, formanni skátasambands og/eða stjórn BÍS skylt að afturkalla skipunarbréf hans.

5. gr.

Stjórn BÍS er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. – 4 tl. 2. gr. við skipun skátaforingja, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi.

**Samþykkt á stjórnarfundum BÍS 9. júní 2004.**

# Umhverfisstefna

Virðing við umhverfinu og næsta nágreni okkar hefur ávallt verið partur af skátastarfinu. Hjá Hraunbúum er unnið markvisst að því að kenna skátunum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar. Markmiðið með þessari kennslu er að skátinn

- sé meðvitaður um hvernig hægt er að bæta líf sitt og komandi kynslóða með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitssemi og umhyggju.
- dragi úr hvers kyns sóun verðmæta með nýtni og því að endurnota og endurvinna

Til þess að ná fram þessu markmiði er nauðsynlegt að

- Hraunbúar og foringjar þess sýni skátum fordæmi í gjörðum sínum.
- Endurvinnsla sé tekin fyrir á skemmtilegan máta í skátastarfinu og sé partur af dagskrá ár hvert.
- Hraunbúar endurnoti og endurvinni.

Sem fordæmi fyrir skáta munu Hraunbúar endurvinna flöskur, dósir, pappu og mjólkurfurnur, skila í lokuðum umbúðum spilliefnum og rafhlöðum á þar til gerða staði þar sem þeim er fargað, gefa alla óskilamuni sem ekki hafa verið vitjað innan hálfis árs til alþjóðlegs hjálparstarfs.

# Friðarstefna

Hraunbúar hafa ekki enn formlega friðarstefnu.

Félagið vinnur þó í gegnum skátadagskránnu að meðvituðum friði manna á milli þrátt fyrir mismunandi eiginleika hvers einstaklings. Þessu vill félagið ná fram með

- Markvissri kynningu á erlendri menningu í skátadagskránni, t.d. með dönsum og mat annarra landa.
- Að styðja að því að skátar félagsins fari á vegum félagsins erlendis.
- Að hvetja til umburðarlyndis og friðar manna á milli í gegnum foringja félagsins.

# Fíkni- og vímuefnavarnir

## Forvarnargildi skátastarfs

Skátahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í fíkni- og vímuefnavörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmönnum sem eru virk í skátastarfi, reiðir betur af og þau neyta síður vímuefna. Skátahreyfingin vill efla enn frekar vímuvarnargildi skátastarfs með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við skátun. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um fíkni- og vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu tóbaks, áfengis og allra ólöglegra vímuefna.

## Neysla fíkni- og vímuvarna

Skátar hafna allri neyslu fíkni- og vímuefna skáta og annarra í skátastarfi með börnum. Öll neysla fíkni- og vímuefna er bönnuð í skátaskálum og á skátamótum.

## Viðbrögð skátafélaga við neyslu skáta

Hraunbúar munu bregðast sérstaklega við allri neyslu skáta undir 18 ára aldri í skátastarfi.

Foreldrar verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu.

Varðandi viðbrögð við fíkni- og vímuefnaneyslu þeirra sem eru sjálfráða, munu Hraunbúar bregðast við neyslu sem er brot á reglum þeirra og neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd skátafélagsins.

Viðbrögð Hraunbúa við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Viðbrögð Hraunbúa munu samt sem áður ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann við að laga sig að reglunum og að hann haldi áfram skátastarfi.

## Hlutverk foringja

Foringjar skulu starfa eftir fíkni- og vímuvarnastefnu Hraunbúa, þar með talið bregðast við fíkni- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.

Foringjar skulu framfylgja stefnu Hraunbúa varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

## Samstarf við foreldra

Hraunbúa munu upplýsa foreldra um stefnu skátafélagsins í fíkni – og vímuvörnum. Hraunbúar munu starfa náið með fagfólki í fíkni- og vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfræðisaldri.

# Útivist

Skátalíf er útilíf. Það sem sker Hraunbúa m.a. úr öðru tómstunda- og íþróttastarfi í bænum er útilíf og þá ímynd þurfum við að varveita með því að tryggja að útilíf sé stór partur af okkar skátastarfi.

Hraunbúar hafa það að marki að ylfingar fari á hverju ári í

- Tvær dagsferðir
- Eina félagsútilegu
- Eitt mót

Að skátar fari á hverju ári í

- Tvær dagsferðir þar af önnur sem inniheldur langa göngu.
- Eina til Tvær félagsútilegur
- Sveitarútilegu þar sem farið er í sig og klifur og sofið undir berum himni.
- Flokksútilegu
- Eitt skátamót þar sem sofið er í tjaldi eða undir berum himni.
- Tvær fjallgöngur.

Að Dróttskátar fari á hverju ári í

- Eina til tvær félagsútilegur
- Tvær til þrjár sveitarútilegur þar sem gist er í tjaldi í snjó, lært er á ísaksarbremsu, línuvinnu og fleira. Sofið sé í snjóhúsi a.m.k. eina nótt.
- Í eina ferð erlendis (annað hvert ár)
- Fjórar fjallgöngur.
- 20 km göngu

# Einelti – ferillýsing

## Viðbrögð Skátafélagsins Hraunbúa til varnar eineltis

Fyrstu forvarnir gegn einelti byrja við inngöngu í skátafélagið. Á þann hátt að:

- Stuðla að samvinnu heimila og skátafélags.
- Koma á fræðslu um einelti fyrir foreldra.
- Sveitarföngi hafi reglulega umræðu í sveit sinni um líðan, samskipti og hegðun.
- Sveitarföngi setji reglur í sveitinni gegn ofbeldi og einelti.
- Skátar þjálfist að vinna í hóp og sýni hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.

### Skilgreining skáta á einelti:

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Þetta þarf að vera endurtekið aftur og aftur og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

### Einelti er ekki liðið í skátunum.

Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.

### Könnunarstig:

1. Þegar vitneskja berst um einelti til skátafélagsins frá skáta, forráðamönnum eða föngjum í félaginu, er henni komið til sveitarföngja. Sveitarföngi skráir í trúnaðarbók og greinir málið skamkvæmt skilgreiningu skátafélagsins á einelti. Á könnunarstigi leitar sveitarföngi eftir upplýsingum frá öðrum föngjum í félaginu og greinir form.for.ráðs og félagsföngja frá stöðu mála. Deildarföngi ákveður næstu skref eftir eðli málsins.

### Framkvæmdastig:

2. Ef form.for.ráðs metur að um einelti sé að ræða sem nær út fyrir skátafélagið, vísar hann málinu til stjórnar.

3. Ef form.for.ráðs metur að um einelti sé að ræða innan sveitar, gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.

### Farið er yfir:

- Hver viðbrögð félagsins eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
- Hvað forráðamenn þolanda, geranda/gerendur geta gert til aðstoðar barni sínu og félaginu og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
- Hver ábyrgð forráðamanna er í meðferð eineltismála og hvað þeir geta/eigi að gera barni sínu til aðstoðar.

- Að foreldrar geti sjálfir haft samband við námsráðgjafa og/eða sálfræðing í skóla viðkomandi.
- Samstarf foreldra og sveitarfóringja um að fylgja málinu eftir.

4. Deildarforingji gerir viðkomandi fóringjum og stjórn grein fyrir stöðu mála.

5. Allt ferlið er skráð í trúnaðarbók og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Ef ofangreindar aðgerðir í sveitinni bera ekki árangur að mati form.for.ráðs, vísar hann málinu til stjórnar ásamt trúnaðarbókarskráningu sinni á málsatvikum.

### **Vinnureglur Hraunbúa í eineltismálum:**

6. Stjórn Hraunbúa tekur tilvísun eineltismála til umræðu á fundi. Þar er málið skoðað og fer það eftir eðli þess og umfangi til hvaða aðgerða er gripið. Ákveðnum stjórnarmönnum er falin umsjón áframhaldandi vinnu.

Stjórn Hraunbúa fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skátafélagsins er leitað til sérfróðra aðila í skóla viðkomandi.

### **Hlutverk fóringja Hraunbúa:**

Hlutverk allra fóringja félagsins er að vera vakandi fyrir líðan og velferð skáta í félaginu. Mikilvægt er að koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til sveitarfóringja eða starfsmanns.

### **Hlutverk skáta í félaginu:**

Að koma vitneskju um einelti til sveitarfóringja.

### **Hlutverk foreldra:**

Að vera vakandi fyrir líðan, námsgengi og félagslegri stöðu barna sinna.

- Hraunbúar hafa einnig fengið fyrirlestur frá Regnbogabörnum á sveitarfundum.



# Samstarf

**Já Nei**

- X Hefur félagið samstarf við BÍS eða skáttasambönd?
- X Félagið hefur samstarf við aðildareiningu/félagseiningu slysavarnarfélagsins Landsbjargar.
- X Hefur félagið stefnu varðandi samstarf við sveitarstjórnir og stofnanir?
- X Hefur félagið stefnu og lýsingu á samstarfi við foreldra?

Vinsamlegast merkið við þá liði sem eiga við?

Í félaginu er starfandi eining fyrir foreldra?

X St. Georgsgildi eða önnur sambærileg eining er starfandi á starfssvæði skátafélagsins

- X Hefur félagið samskipti við erlend skátafélög eða sveitir?  
*Við eigum ekkert vinafélag en í kringum mót og ferðir erlendis eigum við í samskipti við erlend skátafélög eða sveitir.*

- X Hefur félagið komið sér upp vinafélagi/félögum?

Ef já:

Ef vinafélagið er íslenskt hvaða félag er það? \_\_\_\_\_

Ef vinafélagið er erlent, í hvaða landi er það? \_\_\_\_\_

- X Hefur félagið reynt að ná til ungmenna af erlendum uppruna?

# Hafnarfjarðarbær

Skátafélagið hefur lengi vel haft það að markmiði að vera í góðum tengslum við bæinn. Samstarf Hraunbúa við Hafnarfjarðarbæ er best líst í samningi okkar á milli.

## Rekstrar- og leigusamningur

Aðilar samnings þessa,

**Bæjarsjóður Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, (Hafnarfjarðarbær)**

og

**Skátafélagið Hraunbúar 640169-7029)**

gera með sér svofelldan samning um rekstur skátaheimilisins Hraunbyrgi við Hjallabraut og tveggja skátaskála.

### I. Umfang samnings

#### 1. gr.

Hraunbúar taka að sér rekstur skátaheimilisins bæði aðalhús og áhaldahús, útisvæði, tjaldsvæði, skálum félagsins og útisvæði Krísuvík og Kleifarvatn, þar sem leitast verði við að ná fram sem hagstæðustum rekstri, samkvæmt nánari útskýringum í gr. 2. Hér á eftir verður svæðið í heild kallað Hraunbyrgi.

Um eignaraðild að Skátaheimilinu að Hjallabraut 51 fer samkvæmt samningum Hraunbúa og Hafnarfjarðarbæjar frá 22.02.2005.

Hraunbúar munu fá í sinn hlut allar þær tekjur sem Hraunbyrgi og kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir.

#### 2. gr.

Stjórn Skátafélagsins Hraunbúa skal annast að öllu leyti rekstur Hraunbyrgis og skátastarf á vegum þess. Stjórn skátafélagsins skal funda reglulega eins og lög þess kveða á um, skrá fundargerðir og halda þeim til haga. Stjórn skátafélagsins skal halda reglulega fundi með æskulýðsfulltrúa þar sem farið er yfir starfsemi og barna og unglíngastarf samræmt áherslum bæjaryfirvalda.

Skátafélaginu er heimilt að fela rekstrarfélagi sínu, Ferðbúanum sem skal vera í eigu Hraunbúa umsjón með rekstri sem snýr að ferðapjónustu. Rekstur Ferðbúans og Hraunbúa skal vera aðskilinn í bókhaldi.

Stjórn skátafélagsins skal ráða sér rekstrarstjóra/framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri húseigna og félagsins. Meðal verkefna rekstrarstjóra er utnumhald um fjármál og rekstur, starfsmannamál, samskipti við Hafnarfjarðarbæ, færsla bókhalds, áætlanagerð og uppgjörsvinna.

Rekstrarstjóri/framkvæmdastjóri skal starfa í nánú samstarfi við æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi hússins brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal leitast við að sækja þá fundi sem æskulýðsfulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi Hafnarfjarðarbæjar fyrir börn og unglínga og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli Hraunbúa og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga reksturinn að þeim ábendingum sem æskulýðsfulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

### II. Upplýsingaskylda Hraunbúa og viðurlög

#### 3. gr.

Hraunbúar skulu reka skrifstofu í skátaheimilinu Hraunbyrgi við Hjallabraut. Skrifstofan hefur það meginhlutverk að halda utan um bókhald félagsins og starfsemi þess eins og lög gera ráð fyrir. Á grundvelli þess skuldbindur félagið sig til að leggja fram ársuppgjör liðins árs um rekstur Skátafélagsins Hraunbúa og Ferðbúans, og skila til æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Fjárhagsáætlun félagsins og Ferðbúans varðandi rekstur fyrir komandi ár skal jafnframt skila til æskulýðsfulltrúa fyrir 1. nóvember ár hvert.

#### 4. gr.

Á grundvelli ársuppgjörs og fjárhagsáætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir og óskað leiðréttinga á rekstri tafarlaust. Verði Hraunbúar ekki við umbedinni upplýsingagjöf eða leiðréttingum er bæjarsjóði heimilt að stöðva greiðslur uns úrbætur hafa átt sér stað. Hraunbúar geta jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

#### 5. gr.

Telji æskulýðsfulltrúi að Hraunbyrgi og skátasvæðin sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Hraunbúar ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum uns úrbætur hafa átt sér stað.

### III. Afnot af skátaheimilinu Hraunbyrgi, skálum félagsins og útisvæðum

#### 6. gr.

Hafnarfjarðarbær tekur á leigu sali, útisvæði og skála félagsins til tuttugu ára frá og með 01.01 2005 að telja, til notkunar fyrir skátastarf Hraunbúa og fyrir starfsemi bæjarins, í samræmi við ákvæði samnings þessa og þá fylgisamninga sem honum tengjast.

Hraunbúum er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum sem ætlaðir eru til afnota bæjarins í samráði við æskulýðsfulltrúa.

#### 7. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum Hafnarfjarðarbæjar af Hraunbyrgi, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

*Fylgiskjal 1, samningur um leigu á félagsaðstöðu, rekstur skrifstofu og samstarfsverkefni.*

*Fylgiskjal 2, samningur varðandi tjaldsvæði*

Breytingar á fylgiskjölum þessum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjölum skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningnum sjálfum.

### IV. Viðhald

#### 8. gr.

Hraunbúar skulu sjá um allt viðhald og viðgerðir húsgagna, tækja og búnaðar með fullnægjandi hætti og á þann hátt að starfsemi hússins verði ekki fyrir truflunum. Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

#### 9. gr.

Allt stærra viðhald Hraunbyrgis, þ.e. hússins og útisvæðisins, skal greitt af eigendum í samræmi við 80% - 20% regluna. Samkvæmt henni greiðir Hafnarfjarðarbær 80% af samþykktu viðhaldi en skátafélagið 20%. Eigendafélag Hraunbyrgis skal ákveða hvenær þörf er á stærra viðhaldi og meta það í samráði við forstöðumann fasteignafélags bæjarins.

Til stærra viðhalds telst m.a.:

- Meiriháttar lagfæringar á gólfi
- Meiriháttar viðgerð á útveggjum og þaki
- Meiriháttar lagfæring á hitakerfi, loftræstingu, raf- og frárennislögnum
- Nauðsynlegar úrbætur til að mæta eldvarnar- og vinnueftirlitskröfum
- Viðgerð á útisvæðum og skálum

Eigendafélag skal gera áætlun um stærra viðhald næsta árs og skila til æskulýðsfulltrúa og forstöðumanns fasteignafélags fyrir 1. október ár hvert.

Allt stærra viðhald er háð samþykki Hafnarfjarðarbæjar og Hraunbúa.

### V. Ýmislegt

#### 10. gr.

Hafnarfjarðarbær skal eiga rétt á að nýta skátaheimilið Hraunbyrgi og skála félagsins í einstaka tilfellum án endurgjalds fyrir starfsemi eða uppákomur á vegum bæjarins, þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi

félagsins. Um slík afnot skal haft samráð við Hraunbúa og áform þar um tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

#### 11. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2024. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri Hraunbyrgis breytast. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa sammings skal fara fram eigi síðar en 1. október 2006 og mat lagt á rekstrarniðurstöðu liðins árs. Allar upphæðir í samningi þessum eða fylgiskjöllum hans eru bundnar vísitölu neysluverðs, nú 239,2 stig og skulu uppfærðar í janúar ár hvert.

#### 12. gr.

Við undirritun þessa sammings fellur úr gildi fyrri rekstrar og samstarfssamningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Skátafélagsins Hraunbúa.

#### 13. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

**Hafnarfirði, 22. febrúar 2005**

**Fh. Skátafélagsins Hraunbúa**

**Fh. Hafnarfjarðarbæjar**

---

---

Vottar að réttri dagsetningu  
og undirskrift aðila:

---

---

## *Fylgiskjal 1 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Skátafélagsins Hraunbúa*

### **Leiga á félagsaðstöðu, sal, rekstur skrifstofu, samstarfsverkefni**

1.0 Hafnarfjarðarbær skal leigja að minnsta kosti eftirfarandi fjölda tíma af Hraunbúum:

1.1 Skátafélagið Hraunbúar skal hafa afnot af 820 tímum á ári, nánar tiltekið að jafnaði 90 tíma á mánuði í níu mánuði frá kl. 16:00 til 22:00 4 virka daga í viku hverri. Auk þess á þeim tíma á daginn sem starf á vegum Hafnarfjarðarbæjar nýtir ekki sinn tíma. Á sumrin frá 1. maí til 15 ágúst skal ferðaþjónusturekstur á vegum Ferðubúans hafa forgang að öllu húsnæði aðalbyggingar.

1.2 Hafnarfjarðarbær skal hafa afnot af sal, anddyri og eldhúsi í alls 200 tíma á ári. Á þeim tíma sem ekki skarast við skátastarf eða ferðaþjónusturekstur. Æskulýðsfulltrúi skal sjá um nánari skipulagningu á tímanotkun Hafnarfjarðarbæjar í samráði við rekstrarstjóra. Leitast skal við að skipuleggja afnot eins langt fram í tímann og mögulegt er. Skátafélaginu er heimilt að ráðstafa ónotuðum tímum í samráði við æskulýðsfulltrúa. Engar kvaðir eru gerðar um viðveru húsvarðar eða annarra starfsmanna skátafélagsins á afnotatíma Hafnarfjarðarbæjar.

1.3 Barna og unglíngastarf á vegum Hafnarfjarðarbæjar skulu hafa afnot af 180 tímum í húsnæði félagsins á ársgrundvelli á þeim tíma sem skarast ekki við annað starf í húsnæðinu. Afnot skulu skipulögð fyrirfram í samráði við æskulýðsfulltrúa og rekstrarstjóra.

1.4 Öll umgengni um húsnæði skal vera með þeim hætti að leitast sé við að skila húsnæðinu eftir hverja notkun í sama ástandi og tekið var við því. Kostnaður vegna þrifa er ekki innifalinn í leigugjaldi og er skátafélaginu heimilt að innheimta vegna þrifa sé þess talin þörf. Æskulýðsfulltrúi eða aðili á hans vegum skal hafa lykil og aðgang að húsnæði vegna notkunar á húsnæðinu þegar starfsmaður er ekki á staðnum.

1.5 Árlegur leigutími á skátaheimili er því 1200 tímar, sem samsvarar að jafnaði 100 tímum á mánuði.

1.6 Vegna skátaskála við Krísvík og Kleifarvatn greiðir Hafnarfjarðarbær kr 200.000 fyrir hvorn skála, alls 400.000-. Skátafélagið hefur ótakmörkuð afnot af skálunum en starfsemi á vegum Hafnarfjarðarbæjar skal hafa afnotarétt á skálunum í samráði við rekstrarstjóra skátafélagsins.

2.0 Hafnarfjarðarbær skal greiða kr. 2.000 í leigu fyrir hvern tíma fyrir afnot af húsnæðinu að Hjallabraut 51. Kostnaður vegna þrifa er fyrir utan leigugjald.

Leigugjaldið greiðist í samræmi við meðaltalstölu skv. framansögðu (100 tímar) fyrirfram þrjá mánuð í senn en það samsvarar kr.200.000 á mánuði.

3.0 Samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Hraunbúa eru Sumardagurinn fyrsti, störf unglínga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar, flöggun á 17. júní og útbreiðslu og kynningu á skátastarfi.

3.1 Samvinna skal vera milli íþrótta- og tómsbundanefndar um stefnumörkun í ofangreindum verkefnum.

### 3.2 Hafnarfjarðarbær greiðir Hraunbúum árlega vegna eftirtalinna verkefna:

- 3.2.1 Skróðgöngu og umsjá Sumardagsins fyrsta kr 200.000
- 3.2.2 Flöggun og aðstoð á 17. júní. kr 200.000
- 3.2.3 Umsjón og kynningu skátastarfs meðal barna og unglinga í Hafnarfirði kr 200.000.
- 3.2.4 Umsjón og verkstjórn með sumarvinnu unglinga í þjónustu félagsins, fyrir allt að kr. 1.900.000 sem er kostnaður Vinnuskólans við að halda úti flokkstjóra í tíu vikur og nemendum Vinnuskólans. Skátafélaginu þó heimilt að hafa einn flokkstjóra að eigin vali á launum í allt að 20 vikur á ári hverju eða samkvæmt nánari samkomulagi hverju sinni.
- 3.2.5 Samráð skal haft við forstöðumann Vinnuskólans um tilhögun og útfærslu á sumarvinnu unglinga.

4.0 Árlegt framlagt vegna rekstrar skrifstofu samkvæmt 3. gr. aðalsamnings skal vera kr. 1.000.000 á ári.

5.0 Lóðarleiga skal ár hvert afgreidd sem styrkur til félagsins frá Hafnarfjarðarbæ og mun æskulýðsfulltrúi sjá um millifærslur þar um samkvæmt samþykkt bæjarráðs

6.0 Skátafélagið skal senda inn reikninga mánaðarlega eða skv. nánara samkomulagi.

Aðilar staðfesta hér með efni skjalsins með undirskrift sinni.

**Hafnarfirði, 22.02 2005**

**Fh. Skátafélagsins Hraunbúa**

**Fh. Hafnarfjarðarbæjar**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar að réttri dagsetningu  
og undirskrift aðila :

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Fylgiskjal 2 með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Hraunbúa

### Samningur um tjaldsvæði

- 1.0 Skátafélagið Hraunbúar tekur að sér rekstur tjaldsvæðis Hafnarfjarðarbæjar við Víðistaðatún samkvæmt ákvæðum þessa samnings
- 2.0 Hafnarfjarðarbær leggur til starfseminnar afmarkað tjaldsvæði ásamt húsnæði sem er á svæðinu og er með salernis og þvottaaðstöðu. Heimilt skal, ef þörf krefur, að nýta hluta af Víðistaðatúni fyrir tjaldsvæði í samráði við garðyrkjustjóra og æskulýðsfulltrúa. Á sama hátt skal hafa samráð við skátafélagið ef stærri samkomur eru haldnar á svæðinu.
- 3.0 Skátafélagið fer með alla yfirumsjón tjaldsvæðisins og sér um allan daglegan rekstur þess, útleigu, hreinsun og gæslu á svæðinu og greiðir kostnað vegna þess. Þetta gildir á meðan tjaldsvæðið er opið, þ.e. frá 15. maí til 1. september ár hvert. Hraunbúum er heimilt að taka leigugjald af gestum og renna þau óskipt til Hraunbúa.
- 4.0 Viðhald húsnæðis er á ábyrgð eigenda þess og skal Hafnarfjarðarbær sjá til þess að húsnæði sé vel við haldið og fastur búnaður þess endurnýjaður eftir þörfum þannig að húsnæði sé tilbúið til notkunar að vori þegar tjaldsvæði opnar. Frágangur húsnæðis að hausti er á ábyrgð skátafélagsins og skal skátafélagið sjá til þess að húsnæði sé þrifið og gengið frá húsi til vetrardvalar með því m.a. að loka fyrir vatn, tæma vatn af lögnum og byrgja hurðir og glugga með hlerum sem eigandi húsnæðis leggur til. Að því loknu tekur eigandi húsnæðis við því og ber ábyrgð á öllu ástandi og því að eftirlit sé haft með húsnæðinu þar til útleiga hefst aftur að vori.
- 5.0 Skátafélagið skal tilkynna Hafnarfjarðarbæ um allt viðhald sem þarf að framkvæma og skila skýrslu um ástand húss og nauðsynlegt viðhald að hausti þegar húsnæði er skilað.
- 6.0 Hafnarfjarðarbær sér um í samráði við þjónustu og þróunarráð að stuðla að uppbyggingu tjaldsvæðisins í samræmi við þróun þarfa notenda tjaldsvæðisins. Hafnarfjarðarbær sér jafnframt um að auglýsa aðkomuleiðir að tjaldsvæði og að stuðla að kynningu á tjaldsvæðinu gagnvart ferðamönnum.
- 7.0 Skátafélagið tekur að sér að auglýsa tjaldsvæðið um leið og önnur ferðapjónusta á vegum skátafélagsins er auglýst.
- 8.0 Tjaldsvæðið er eign bæjarins og skal það koma fram í kynningu. Hraunbúum er heimilt að nota merki sitt og nafn eða merki félaga í eigu Hraunbúa við kynningu og rekstur tjaldsvæðisins skátafélaginu til framdráttar.
- 9.0 Hafnarfjarðarbær greiðir Hraunbúum fyrir rekstur þennan kr. 1.000.000 á ári sem skal greiðast með eftirfarandi hætti:
  - 1. maí kr 350.000
  - 1. júní kr. 350.000
  - 1. júlí kr. 300.000
- 10.0 Upphæðir í samningi þessum skulu bundnar vísitölu neysluverðs, nú 239,2 stig og skulu uppfærðar í janúar ár hvert.
- 11.0 Samningur þessi er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvar. Uppsögn skal vera skrifleg.

Hafnarfirði, 22.02 2005

Fh. Skátafélagsins Hraunbúa

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila :

# Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Skátafélagið Hraunbúar leggur mikið upp úr samstarfi við Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Starfsárið 2006-2007 var látin nefnd á laggirnar til að skoða hvernig betrubæta má núverandi samstarf og skal í því samhengi sérstaklega horft til dróttskáta Hraunbúa og ungliða Björgunarsveitarinnar.

Nefndina skipa:

- Þórólfur Kristjánsson (Hraunbúar)
- Harpa Kolbeinsdóttir (BSH)
- Nanna Guðrún Bjarnadóttir (Hraunbúar)
- Hjálmar Örn Guðmarsson (BSH)

Á Vormótum félagsins sér Björgunarsveit Hafnarfjarðar um sjúkragæslu. Auk þess hefur Björgunarsveitin verið fús til að „skutla“ skátum upp á fjöll og ná í þau. Sveitarmeðlimir koma einnig með kynningar og kennslu á sveitarfundi.

Hraunbúar leggja sveitinni skemmu Hraunbúa til liðs undir flugeldasölunna. Hraunbúar hafa einnig verið virkir í björgunarstarfi og fjáröflunum sveitarinnar.

# Samstarf við foreldra

Hraunbúar skilja nauðsyn þess að vera í góðu samstarfi við foreldra. Hraunbúar vilja sjá foreldra meira sem þátttakendur í starfi félagsins og þá sérstaklega í viðburðum á vegum þess. Nokkru sinnum hefur verið reynt að koma af starf foreldraráði en losnar fljótt upp úr starfi þess.

Sú leið sem nú er farinn er sú að miðað er að því að einn fulltrúi foreldra sitji í stjórn félagsins og annist samskipti við foreldra. Hefur það virkað mjög vel og nú eru tveir foreldrar í stjórn félagsins auk þess sem eitt foreldri er sveitarforingi.

Upplýsingar til foreldra eru sendar út tveim vikum fyrir stærri viðburði félagsins í pósti. Auk þess er reglulega efnt til foreldrafunda.

Haustið 2006 hélt stjórn félagsins svokallað fjölskyldukvöld þar sem opnir voru þrír póstar fyrir börnin en foringjar félagsins voru til viðtals við foreldra. Heppnaðist kvöldið mjög vel og er stefnt á að halda það tvisvar á starfsári

# Foreldrakönnun.

Félagið gerði í fyrsta skipti endurmat fyrir foreldra. Í því gafst foreldrum kostur á að endurmeta starfið hjá Hraunbúum. Ákveðið var, vegna hraða nútímans, að hafa könnunina nafnlaus á netinu. Hér má sjá könnunina.

Hafnarfirði, 26. júní 2006

Kæra foreldri/forráðamaður

Nú er starfsári Hraunbúa 2006-2007 og lauk því með Vormótinu okkar í Krýsuvík. Til þess að fá yfirlit yfir stöðu starfsins, hvað má betur fara og hvað við erum að gera vel höfum við í fyrsta skipti búið til endurmat fyrir foreldra. Það skiptir okkur miklu máli að þú gefir þér fáeinar mínútur til að fylla út þessa örstuttu könnun því þannig gefst þér kostur á að hjálpa okkur að **bæta skátastarfið**.

Við viljum alltaf gera betur og skila fleiri skátum út í samfélagið, búnum þeim fjölmörgu kostum sem starfið gefur þeim. Það væri því frábært ef þú gæfir þér tíma til að skrifa í „athugasemdir“ annað sem þú vilt að komi fram, eitthvað sem betur má fara eða eitthvað sem fór mjög vel.

Til þægindauka fyrir báða aðila er könnunin gerð rafrænt í gegnum veraldarvefinn. Könnunin er nafnlaus og verður ekki rakin til einstakra aðila.

Með þökk fyrir seinasta starfsár,

Stjórn Hraunbúa

## Almennar upplýsingar um barn

Kyn:

KK

KVK

Fæðingarár:

1997

1996

1995

1994

1993

1992

1991

1990

1989

1988

Sveit:

Grábræður / Ylfingar

Hraunálfar / Ljósálfar

Riddarar

Rauðskinnur / Tyrkja-Guddur

Ds. Trail

Veit ekki

Starfar barnið í öðrum æskulýðs- eða íþróttastörfum?

Tómskund í skóla

Tónlistarskóla

Íþróttum

Félagsmiðstöð

Öðru: \_\_\_\_\_

## Upplýsingar um skátastarf barns

Hversu oft mætti barnið þitt á skátafund í hverjum mánuði?

1 – 2 sinnum

3-4 sinnum

5 - 6 sinnum

Veit ekki

Hversu margar útilegur fór barnið þitt í á seinasta starfsári?

- |   |                                    |
|---|------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Aldrei             | <input type="checkbox"/> 1 sinni   |
| <input type="checkbox"/> 2 sinnum           | <input type="checkbox"/> 3 sinnum  |
| <input type="checkbox"/> 4 sinnum           | <input type="checkbox"/> 5 sinnum  |
| <input type="checkbox"/> 6 sinnum eða oftar | <input type="checkbox"/> Veit ekki |

*Ég tel að barnið mitt sé að læra nytsamlega hluti í skátastarfinu.*

- Ósammála    Nokkuð ósammála    Hlutlaus    Sammála     
Mjög sammála







# Viðaukar

# Verðskrá Hraunbúa 2007

## 14 ára og yngri - félagsgjald $\frac{1}{2}$ ár

(fædd 1993-1998)	Verð að frádreginni niðurgreiðslu Hfj. bæjar	<b>Kr. 4.000</b>
	Systkinaverð óháð fjölda	<b>Kr. 2.200</b>

## 15 ára - félagsgjald $\frac{1}{2}$ ár

(fædd 1992)	Fullt verð	<b>Kr. 6.000</b>
	Systkinaverð óháð fjölda	<b>Kr. 5.100</b>

## Dróttskátar - félagsgjald allt starfsárið 2006 - 2007

15-18 ára (fædd 1989-1992)	Fullt verð	<b>Kr. 6.000</b>
	Systkinaverð óháð fjölda	<b>Kr. 5.100</b>

## Innifalið í verði:

**Ylfingar 8 - 10 ára:** Skátafundir 1 x í viku, 1 dagsferð, 1 útilega með gistingu og mat ásamt öllu dagskrárefni.

**Skátar 11-15 ára:** Skátafundir 1 x í viku, sveitarfundir 1 x í mánuði, möguleiki á 2-5 daga flokksforingjanámskeiði með öllu, allt dagskrárefni. Einnig er farið í flokksútilegur og fleiri viðburði og er þá kostnaði haldið í lágmarki.

**Dróttskátar: 15-18 ára:** Sjá mikið um sína eigin dagskrá, gera margt spennandi sem þessum aldurshópi er að skapi. Mikið ævintýri og fjör. Ýmsir afsláttir eru veittir af viðburðum Hraunbúa.

## Styrktarfélagar og velunnarar - félagsgjald allt starfsárið 2006 - 2007

<b>18 ára +</b>	Fullt verð	<b>Kr. 2.500</b>
	<b>Áhugsamir foreldrar og velunnarar</b> ...eru alltaf velkomnir. Hvort sem þú vilt verða styrktarfélagi og greiða 2.500 í árgjöld eða bjóða fram þjónustu þína þá erum við afar þakklát. Skátastarf er öflugt forvarnarstarf og þátttaka foreldra, eldri skáta og velunnara er mjög mikilvægur þáttur í því. Stuðningur þinn skiptir máli.	

# Félagsdagskrá 2006-2007

## Ágúst

24. Kynningardagur

## September

18. Félagsvarðeldur

25. Bingókvöld

## Október

10. Upphitunarkvöld

13-15. Félagsútilega

30. Félagfjölskylduratleikur

## Nóvember

17-19. Sveitarútilega

Félagsvarðeldur

## Desember

16. Jólaball

## Janúar

24. Félagsvarðeldur

## Febrúar

5. Bingókvöld

19. Opinn vormótosfundur

22. Skátadagurinn

28. Aðalfundur

## Mars

14. Diskótek

23. – 24. Félagsútilega

## Apríl

## Maí

25. Vormót Hraunbúa

- Félagsdagskrá inniheldur ekki sveitardagskrár

# Ýmsar tölur 2005

## INNHEIMTA FÉLAGSGJALDA ÁRIÐ 2005

100% innheimt ef frádregið er að félagsgjöld eins skáta voru felld niður v/heimilisástæðna.

### FJÁRAFLANIR 2005 AÐ FRÁDREGNUM KOSTNAÐI:

Skeytablað	120.459
Skeytasala	345.140
Útilífsskóli	300.515
Ævintýradagur Fjölskyldunnar	110.476
Afmælisblað	-90.645
Leikskóladagur Hraunbúa	23.300
Ungt Fólk í Evrópu	764.908
Sumardagurinn Fyrsti	-15.784
17. Júní	32.567
Seld mótsmerki	10.200
Flokksforingjanámskeið (ekki frádr. Kostn.)	100.000
Dróttskátar v. Hrafnista 20%	58.000
Dróttskátar v. 10-11 20%	16.200
Tjöldun Hellisgerði	41.000
Gildið safnar fyrir húsgagnakaupum	96.085
Aðrir styrktaraðilar	47.664
<b>Fjáraflanir alls</b>	<b>1.960.085</b>

### Tekjur félagsins

Af félagsgjöldum	1.032.263
Niðurgreiðsla Félagsgjalda Hfj. Bær	467.200
Ævintýranámskeið	45.000
Rekstrarsamningur	5.400.000
<b>Tekjur alls:</b>	<b>6.944.463</b>
<b>Innkoma alls.</b>	<b>8.904.548</b>

Hlutfall fjáraflana af tekjum er því 22%

# Umsókn um á réttri leið

## Umsóknareyðublað

Skátafélagið Hraunbúar sækir um að fá viðurkenningu BÍS, skátafélag „á réttri leið“.

Hjallabraut 51  
Heimilisfang

640169-7029  
Kennitala

220 Hafnarfirði  
Póstnúmer og staður

hraunbuar@hraunbuar.is  
Netfang

---

### Með umsókninni þurfa að fylgja eftirtalin gögn:

- ( X ) Lög félagsins
- ( X ) Skipurit
- ( X ) Fimm ára starfsáætlun
- ( X ) Starfsáætlun næsta starfsárs
- ( X ) Samþykktir ársreikningar síðasta árs
- ( X ) Yfirlit yfir stöðu fræðslumála
- ( X ) Forvarnarstefnu
- ( X ) Verkferla við brot á forvarnarstefnu
- ( X ) Umhverfisstefnu
- ( X ) Félagaskrá

---

Dags: 28. febrúar 2007

Undirskrift: \_\_\_\_\_  
Guðvarður B. F. Ólafsson, félagsforingi

